



23. árgangur 7. tbl. Júlí 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir
A.b.m: Asta Stefánsdóttir



Sumarlokun á skrifstofu Bláskógabyggðar

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa Bláskógabyggðar

lokuð frá 8. júlí til og með 2. ágúst 2024

Hægt er að senda tölvupóst á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is



BLÁSKÓGABYGGÐ

Starfsmaður óskast til Bláskógaveitu.

Bláskógaveita annast rekstur og framkvæmdir við hita- og vatnsveitu Bláskógabyggðar. Veitan tilheyrir framkvæmda- og veitusviði Bláskógabyggðar og er hluti af mikilvægum innviðum í sveitarfélaginu.

Bláskógaveita óskar eftir að ráða til sín öflugan einstakling sem starfsmann. Yfirmaður starfsmanns er veitustjóri. Um er að ræða 100% starf, en auk þess þarf starfsmaðurinn að vera tilbúinn til að sinna útköllum, komi upp bilanir. Vegna þess þarf starfsmaður að vera búsettur á dreifisvæði veitunnar eða í næsta nágrenni. Starfssvið er eftirfarandi:

Starfar með yfirmanni að daglegum rekstri veitukerfa.

Starfar með yfirmanni að umsjón og viðhaldi veitukerfa.

Vinna við nýframkvæmdir við vatnsöflun, veitukerfi og mannvirki þeim tengd.

Ábyrgð á að farið sé eftir viðeigandi reglum um öryggi á vinnustað og að frágangur verka sé með viðeigandi hætti.

Menntunar- og hæfniskröfur:

lðnmenntun sem nýtist í starfi, t.a.m. í málmiðngreinum.

Reynsla og þekking á sviði veitna og framkvæmda æskileg.

Færni í mannlegum samskiptum.

Frumkvæði í starfi og sjálfstæð vinnubrögð

Góð almenn tölvukunnátta.

Ökuréttindi.

Suðuréttindi æskileg.

Vinnuvélaréttindi æskileg.

Umsókn um starfið skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem ástæður umsóknar koma fram og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda til að gegna starfinu. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélags. Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí næstkomandi. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Umsóknir skulu berast á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristófer Tómasson, sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs Bláskógabyggðar, í síma 480- 3000.

Oddvitapistill

Í byrjun júní tilkynnt forstjóri HSU að ákveðið hafi verið að flytja heilsugæsluna í Laugarási að Flúðum. Þetta mál hefur verið rakið í fjölmiðlum og í greinarskrifum og hefur mikil gagnrýni komið fram með alla aðferðarfræðina í þessu máli. Sveitarstjórn hefur t.d. bókað að hún lýsi yfir miklum vonbrigðum með ófagleg vinnubrögð í þessu máli og að samráð við flest sveitarfélög á svæðinu og íbúa hafi ekkert verið. Sveitarstjórn benti ítrekað á að vanda þyrfti til verka og að standa þyrfti faglega að öllu í þessu ferli sem ekki var gert. Sveitarstjórn hefur bókað að henni þyki miður að ekki skuli hafa verið viðhaft meiri faglegheit í þessu máli. Þar sem sveitarstjórn telur að verulegir ágallar hafi verið á öllu ferlinu, telur hún að eina leiðin til að byggja upp traust á milli aðila og traust íbúa á HSU sé að utanaðkomandi aðili verði fegninn til að gera úttekt á ferlinu og hvort faglega hafi verið staðið að málum. Sveitarstjórn hefur beint því til HSU og viðkomandi ráðuneyta að ráðist verði í slíka úttekt. Ljóst er að traust til HSU hefur beðið hnekki í þessu máli, sem er mjög óheppilegt, þar sem fólk á að geta treyst stofnunum sem veita heilbrigðisþjónustu. Ef þetta mál hefði verið unnið með faglegum hætti frá fyrsta degi, væri staðan með öðrum hætti, alveg sama hver niðurstaðan hefði verið.

Búið er að taka tilboði Ræktunarsambands Flóa og Skeiða um að bora vinnsluholur fyrir heitt vatn á Laugarvatni og í Reykholti eftir útboð. Tveir aðilar buðu í verkið og var tilboð Ræktunarsambandsins hagstæðara. Borunum á að vera lokið fyrir 20. september. Það er óskandi að þessar boranir skili góðum árangri.

Búið er að bjóða út snjómokstur í dreifbýli. Sveitadurgur ehf var með lægsta tilboð í vesturhlutann og Ketilbjörn ehf var með lægsta tilboð í austurhlutann. Þá er einnig búið að bjóða út skólaakstur í Laugarásleiðina. Lægsta tilboð átti Ragnar Sverrisson.

Sveitarstjórn hefur samþykkt samþykkt um kattahald. Markmið með samþykkt um kattahald er að stuðla að því að eigendur og umráðamenn katti fari vel með þá, tryggi þeim góða vist, sjái til þess að þeir séu ekki á flækingi og að þeim stafi hvorki ónæði né tjón. Markmiðið er einnig að stuðla að verndun fuglalífs. Í samþykktinni kemur einnig fram að ketti skal halda þannig að þeir valdi ekki hávaða, ónæði, óhollustu eða óþrifnaði. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða umráðamanni að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Sveitarstjórn hefur einnig samþykkt gjaldskrá fyrir kattahald. Hægt er að sjá samþykktina og gjaldskrána á heimasíðu sveitarfélagsins.

Framundan er tími sumarleyfa hjá allfestum, það er óskandi að allir hafi það gott, njóti vel og komi endurnærðir til baka eftir gott frí. Munum bara að tíminn líður hratt, svo það er um að gera að njóta vel frá fyrsta degi. Margir gestir munu heimsækja okkar sveitarfélag í sumar, fjöldi fólks mun því vera á svæðinu til að njóta afþreyingar og náttúrunnar. Með sumarkveðju,
Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Ökukennsla

B-réttindi, kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang emmcemm@gmail.com

Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**
s:865-4393 eða netfang ellisifmb@gmail.com.

Bláskógabyggð er á Instagram



blaskogabyggd

Grastorf til sölu.

Afhendist á Hjálmsstöðum í rúllum sem eru 10 - 20 fm að stærð. Verð
650 kr. fm. + vsk.

Daníel Pálsson, 868-3037, Hjálmsstöðum

M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664

Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla
Opíð er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.
Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja
við á skólatíma.



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í ágúst 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. ágúst 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000

Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga. Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.

Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímarpantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



Bláskógabyggð

Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.

Íþróttamiðstöðvar og sundlaugar

Bláskógabyggð rekur tvær íþróttamiðstöðvar, aðra á Laugarvatni og hina í Reykholti.

Í **íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni** má finna útisundlaug, heita potta, gufubað, líkamsræktaraðstöðu og íþróttasal.

Sími: 480 3041

Netfang: sund-laug@blaskogabyggd.is

Opnunartími - sumaropnun:

Mánudag- fimmtudags 10:00 – 21:00

Föstudag – sunnudags 10:00 – 18:00

Í **íþróttamiðstöðinni í Reykholti** má finna sundlaug með rennibraut og heitum pottum, kalt ker, líkamsræktaraðstöðu og íþróttasal.

Sími: 480 3040

Netfang: sund-reyk@blaskogabyggd.is

Opnunartími - sumaropnun 27. maí til 11. ágúst:

Mánudag - fimmtudags : 10:00 – 21:00

Föstudag - sunnudags 10:00 – 18:00



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum

Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað

Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

HÓLABÚÐIN



Fella- og fjallgönguverkefnið: „Upp í sveit“

Sumarið 2024 eru 3 póstkassar með gestabókum settir upp í uppsveitunum.

Allar leiðirnar eru viðráðanlegar fyrir alla í fjölskyldunni.

Þema ársins eru áhugaverðir staðir, þá annað hvort vegna menningu og sögu eða náttúru.

Verkefnið er í gangi fram til 15. September.

- **Gömlu réttirnar við Tungufjótíð:** í Biskupstungunum, 1,5 km norðan við afleggjarann að fossinum Faxa og 1 km norðan við afleggjarann að gömlu brúnni yfir Tungufljót. Allir þessir þrír staðir eru fallegir og þess virði að skoða og upplifa. Réttirnar er flottur sögustaður og þar er upplýsingaskilti með myndum. Aðeins eru 300 metrar frá þjóðvegnum að réttunum. P-merki er við bílastæðið. (hækkun 3 m, vegalengd að réttunum 300 m, göngutími: 7 mín. í þúfum.
- **Selhöfði í Þjórsárdal** er einstök náttúruperla í skóginum með grillskýli og salernis aðstöðu. Hér hefur Skógrækt ríkisins (nú Land og Skógur) byggt upp flotta aðstöðu við Sandá. Þar má busla og vaða í góðu veðri á meðan grillað er. Einnig er hægt að taka hjólið með og hjóla um stígakerfið í skóginum. (hækkun 10 m, vegalengd að grillskýli 330 m, göngutími: 5 mín.)
- **Kóningsvegurinn í Högnastaðaás og gönguleiðir um ásinn:** á Flúðum. Bílastæði er í enda götu sem heitir Ásastigur, þar er skilti sem sýnir byrjunina á gönguleiðinni. Eftir að gengið um 80 m upp brekku þá er komið inná stígakerfið sem fer um skóginn. Þar ertu komin/n á Kóningsveginn en hann sést mun betur þegar komið er inni skóginn. Kóningsvegur var lagður 1906 og 1907 vegna komu Friðriks VIII Danakonungs. Rétt áður en komið er inni skóginn þá er stigur upp til hægri en þar uppi á opnu svæði með nestisbekk má finna póstkassa með gestabók. Þar er hægt er að ganga áfram og kemur þá eftir 300 metra göngu aftur niður á Kóningsveginn. Er þá hægt að ganga Kóningsveginn til baka að byrjunarreit. (hækkun 40 m, vegalengd allan hringinn 800 m, göngutími: 20 mín.)

Erfiðleikastig



Hvar eru póstkassarnir?

QR-kóði nr. 1: hlekkur á kort (Google map) sem sýnir leiðirnar

QR kóði nr. 2: hér finnur þú upplýsingar um fell og fjöll sem hafa verið með síðustu árin.

Allt þetta má líka finna á: <http://www.sveitir.is/heilsueflandi- uppsveitir/fellaverkefni>

Vinsamlegast bóúið ekki til vörður og takið allt rusl með ykkur ☺

Takið gjarnan mynd af ykkur og merkið á samfélagsmiðlum með myllumerkinu:

#uppsveitir

Góða ferð!

